



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
Þriðjudaginn 9. ágúst 2022, kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Ólafía Sigurvinsdóttir í forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sátu fundinn Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Krístrún Birgisdóttir vegna Ásgarðs, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. Kennara í Reykhólaskóla, Sandra Rún Björnsdóttir f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 15. júní 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

#### 2. Ráðning skólastjóra Reykhólaskóla.

Lagður er fram ráðningasamningur við Önnu Margréti Tómasdóttir skólastjóra Reykhólaskóla.

*Nefndin samþykkir samninginn samhljóða.*

#### 3. Reykhólaskóli, skipulag haustið 2022, stöðuskýrsla Ásgarðs.

Krístrún fór yfir skipulag skólaskrifstofu og Reykhólaskóla að hauststarfinu. Rætt var um að nýta bókasafnið sem kennslurými til að skapa betra flæði í skólastarfinu og ýmisleg praktísk atriði. Krístrún fór einnig yfir og lagði fram stöðuskýrslu sérfræðiaðstoðar Ásgarðs við Reykhólaskóla.

#### 4. Ásgarður skóli í skýjunum.

##### 4.1 Skóladagatal skólaárið 2022 - 2023.

Lagt er fram skóladagatal Ásgarðs skóla í skýjunum skólaárið 2022 – 2023. Krístrún fór yfir dagatalið með nefndinni.

*Nefndin samþykkir framlagt skóladagatal. Samþykkt samhljóða.*

##### 4.2 Mat á starfsáætlun skólaársins 2021 - 2022.

Lagt er fram mat á starfsáætlun Ásgarðs skóla í skýjunum skólaárið 2021 – 2022. Krístrún Birgisdóttir fór yfir áætlunina með nefndinni.

##### 4.3 Innra mats skýrsla skólaárið 2021 – 2022.

Lögð er fram innra mats skýrsla Ásgarðs skóla í skýjunum skólaárið 2021 – 2022. Krístrún Birgisdóttir fór yfir skýrsluna með nefndinni.

**5. Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags.**

**5.1. Umsókn um námsvist utan Reykhólahrepps**

Lögð er fram umsókn um námsvist nemanda með lögheimili í Reykhólahreppi í Kaldrananeshreppi og í skóla í skýjunum skólaárið haustið 2022.

*Nefndin samþykkir framlagða umsókn samhljóða.*

**5.2. Umsókn um námsvist í Reykhólaskóla.**

Lagðar fram umsóknir um námsvist tveggja nemanda með lögheimili í Reykjanesbæ annars vegar og Árborg hins vegar í Reykhólaskóla veturinn 2022 – 2023.

*Skólastjóra falið að leita frekari upplýsinga.*

**6. Skýrsla grunnskóladeildar Reykhólaskóla.**

Skólastjóri fór yfir skýrslu með nefndinni.

**7. Skýrsla leikskóladeildar Reykhólaskóla.**

Deildarstjóri fór yfir skýrslu með nefndinni. Deildarstjóri óskaði eftir því að staðsetning vagnsskýlis verði endurskoðað.

*Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við færslu skýlisins. Samþykkt samhljóða.*

**8. Skýrsla Ásgarðs skóla í skýjunum.**

Krístrún fór yfir skýrslu með nefndinni.

**9. Skýrsla tómstundafulltrúa.**

Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu með nefndinni.

**Önnur mál : ( ef einhver)**

**10. Vegna lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði.**

*Sveitarstjóra falið að uppfæra umsóknir og reglur samkvæmt því. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.00**

**Fundargerð samþykkt með rafrænni undirskrift.**